

Fundur haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars fimmtudaginn 14.05. 2024, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Helga Valdís Guðjónsdóttir
Hallgrímur Árni Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir forstöðumaður.

Björn Arnaldsson setti fundinn.

1. Formaður býður f.h. stjórnar Sigrúnu Erlu velkomna til starfa sem forstöðumann Jaðars.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 08.09.2023. Lagt fram til kynningar.
3. Formaður fer yfir áætlun um framkvæmdir við nýja forstofu. Samið hefur verið við verktaka um jarðvinnu og smíðar. Stefnt er að því að verkið hefjist í júlí n.k.
4. Sigrún Erla fer yfir starfsemi Jaðars. Segir frá rekstri heimilisins, starfsmannamálum, viðhaldi húsnæðis og fl. Fjárhagsstaðan er góð, Sigrún segir frá samningi við Sjúkratryggingar um eitt biðrými og sá samningur er fram til áramóta. Sigrún segir frá því að verið er að skipta út gólfduk í áföngum fyrir vínlparket. Sigrún segir frá leka í þaki sem kom upp í vetur, farið var í viðgerðir og ekki hefur lekið síðan en það á eftir að klára viðgerðir innanhúss. Starfsmannamál eru í góðum málum og þegar hefur verið ráðið í sumarafleysingar. Sigrún segir frá stöðunni á lista yfir þau viðhaldsverkefni sem eftir er að fara í.
5. Björn fer yfir ársreikning Jaðars 2023. Tap var á rekstri Jaðars á síðasta ári kr. 738 þúsund.
6. Önnur mál.
 1. Sigrún kynnir eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 28.11.2023.
 2. Stjórn fer í skoðunarferð um húsið undir leiðsögn Sigrúnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.

Fundargerð ritaði: Helga Valdís Guðjónsdóttir

Björn Arnaldsson.
Helga Guðjónsdóttir
Hallgrímur Ottósson
Sigrún Erla Sveinsdóttir